

Skýrsla Tölvunefndar LH fyrir starfsárið 2020

Um síðustu áramót færðist forritun SportFengs frá Tölvudeild Bændasamtaka Íslands til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, RML eða réttara sagt þá var Tölvudeild BÍ færð undir RML. Við í tölvunefnd LH höfðum af þessum breytingum töluverðar áhyggjur og óttuðumst að hið góða samstarf okkar við forritarana væri í hættu. Sá ótti reyndist óþarfur sem betur fer, samstarfið er í raun óbreytt og sömu forritarar eru við störf. Forritararnir eru vissulega heldur undirmannaðir enda að vinna við mörg verkefni önnur en SportFeng en sú staða er óbreytt frá því sem var orðið fyrir þennan flutning. Samsstarfið er sem fyrr með ágætum, formaður tölvunefndar fundar að jafnaði tvisvar í mánuði með forriturunum.

Nefndinni var í lok síðasta árs falið af stjórn LH að leggja til breytingu á innheimtu gjalda fyrir notkun SportFengs. Nefndin gerði tillögu að nýrri gjaldskrá sem fól í sér að eingöngu yrði hér eftir innheimt föst gjöld fyrir hverja skráningu í mót og á námskeið en ekki prósentur líka eins og verið hefur. Stjórn LH samþykkti tillögu nefndarinnar en eftir er að semja við RML um þessar breytingar.

Stærstu verkefnin sem unnið var að í SportFeng snéru að útrásinni svokölluðu, þ.e. þeirri stefnu okkar að koma SportFeng í notkun erlendis. Enska þýðingin var að mestu kláruð og er komin út og í framhaldi af henni hafa svíar sjálfir unnið að gerð sænskrar útgáfu. Nú er svo komið að notandi getur valið um þessi þrjú tungumál. Nýtt skráningakerfi hefur verið í smíðum og er nú mjög langt komið. Einnig er nú orðin til aðgerð til að flytja inn keppendalista úr xml skrá yfir í SportFeng en sú aðgerð nýtist sumum erlendum mótahöldurum. Einnig skal hér nefnt að nú er orðið hægt að setja upp keppni í gæðingakeppnigreinum með sérstakri forkeppni en án milliriðla en eftir því hefur verið spurt.

Handbók SportFengs hefur að mestu leiti verið þýdd yfir á ensku en eftir er að leggja lokahönd á það verk.

Nýr þjónustuaðili hefur tekið við þróun og útgáfu appsins okkar, LH-Kappa en það er hugbúnaðarfyrirtækið Bonsai. Í upphafi þessa árs var appið ekki nothæft á öllum sínum og snérist fyrsta uppfærslan um að laga það. Á seinni hluta ársins kom svo önnur uppfærsla þar sem búið er að gera okkur kleift að birta auglýsingar í appinu auk þess sem lagaðar voru nokkrar villur. Vinna við eina uppfærslu enn er nú í undirbúningi. Frá og með þeirri útgáfu þurfa notendur að kaupa LH-Kappa en til þessa hefur hann verið ókeypis. Við væntum góðs af áframhaldandi samstarfi við bonsai.

Þetta fólk skipar nú Tölvunefnd LH: Ágúst Guðjónsson, Eypór Jón Gíslason, Gísli Geir Gylfason, Hallveig Fróðadóttir, Kristín Jónasdóttir, Oddur Hafsteinsson, Sara Gísladóttir, Stefán Ágústsson, Valdimar Snorrason og Þórður Ingólfsson sem er formaður.

Fyrir hönd Tölvunefndar LH í nóvember 2020,

Þórður Ingólfsson, formaður